



Nefndasvið Alþingis
bt. allsherjar- og menntamálanefndar
Smiðju
Tjarnagötu
101 Reykjavík

Sent á umsagnargátt Alþingis

Reykjavík, 24. október 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um tillögu til þingsályktunar um stefnu í neytendamálum til ársins 2030, 157. löggjafarþing, 115. mál.

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“ eftir atvikum) hafa tekið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stefnu í neytendamálum til ársins 2030 en samtökin skiluðu umsögnum vegna tillagna sama heitis sem lagðar voru fram á 155. og 156. löggjafarþingi en náðu ekki fram að ganga.¹ Að mati samtakanna er jákvætt að sett verði stefna í neytendamálum þar sem m.a. boðuð er endurskoðun löggjafar til að efla neytendavernd, áhersla er lögð á aukna neytendavernd við fasteignakaup sem og að efla rannsóknir, upplýsingagjöf og fræðslu. Samtökin telja þó ástæðu til þess að skoða nánar ákveðnar aðgerðir stefnunnar sem fjallað verður um hér í framhaldi.

Samráð við atvinnulíf

Samtökin fagna því að í stefnunni skuli vera gert ráð fyrir samstarfi við atvinnulífið varðandi ýmsar aðgerðir. Öflugt samráð stjórnvalda við atvinnulífið skiptir íslensk iðnfyrirtæki miklu máli og stuðlar að fyrirsjáanleika og skilvirkari laga- og reglugerðasetningu. Í því samhengi styðja samtökin fyrirhugaðar aðgerðir í 9. lið áætlunarinnar þar sem stjórnvöld leggja áherslu á og lýsa yfir stuðningi við rannsóknir, upplýsingagjöf og fræðslu til að auka neytendavitund. Samtökin benda þó á mikilvægi þess að rannsóknir séu unnar í samráði við atvinnulífið. Í umhverfi mannvirkjagerðar hefur þegar verið farið í mikilvægar aðgerðir sem stuðla að neytendavernd og hvetja samtökin stjórnvöld til að styðja enn betur við slíka vinnu og má í því samhengi nefna vegvísi um mótun rannsóknarumhverfis mannvirkjagerðar sem gefinn var út í mars 2024.² Við útgáfu vegvísisins var verkefnastjórn mynduð af fulltrúum ráðuneyta, SI og hagaðilum til að tryggja fullnægjandi þekkingu og framkvæmd aðgerðanna. Húsnæðisöryggi er grunnþörf og ein helsta fjárfesting allra neytenda liggur í húsnæði. Öflugar og samfelldar mannvirkjarannsóknir eru því ekki bara mikilvægar fyrir mannvirkjageirann heldur samfélagið allt. Þær eru forsenda þess að hægt sé að byggja betri byggingar hér á landi mæta þeim fjölmörgu samfélagslegu áskorunum sem tengjast mannvirkjagerð. Þannig leiða rannsóknir og nýsköpunarstarfsemi í ljós nýjar lausnir og upplýsingar, sem stuðla meðal annars að aukinni þekkingu, faglegri vinnubrögðum, vistvænni mannvirkjum, byggingum með lengri líftíma auk lægri byggingar- og viðhaldskostnaðar. Mikilvægt er að atvinnulífið sé hluti af slíkri vinnu og ekki síður fyrir eftirfylgni í framkvæmd.

¹<https://www.althingi.is/altext/erindi/155/155-139.pdf>

²<https://www.althingi.is/altext/erindi/156/156-973.pdf>

² https://hms-web.cdn.prismic.io/hms-web/ZfAUoEmNs2sHg8V_HMS.Vegv%C3%ADsir.120324.pdf



Endurskoðun löggjafar til að efla neytendavernd

Samtökin vekja athygli á alvarlegri stöðu sem uppi er vegna brotalama í eftirliti með aðilum sem veita þjónustu á grundvelli laga um handiðnað án tilskilinna réttinda og ganga þar inn á svið lögverndaðra iðngreina. Samtökin telja mikilvægt að endurskoðun löggjafar um handiðnað eigi sér stað til að efla neytendavernd. Löggiltar iðngreinar njóta lögverndunar þar sem þær krefjast sérfræðipækkingar og reynslu hvort sem litið er til öryggissjónarmiða, heilsufarsþátta og/eða gæða og endingar. Neytandi verður að geta treyst því að lokaafurð/þjónusta verði í samræmi við væntingar og að vinnubrögðin séu í samræmi við sérfræðipækkingu viðkomandi þannig að notendum vörunnar stafi ekki hætta af notkun og að ending afhentrar vöru sé eðlileg. Neytendur leita ítrekað til fagfélaga innan samtakanna vegna skaða og tjóna sem þeir hafa orðið fyrir þegar ófaglærðir veita þjónustu sem þeir hafa ekki tilskilda þekkingu og/eða reynslu til að veita. Á sviði hársnyrti- og snyrtistofum má til dæmis nefna efnabruna á húð, slímhúð, naglavef og hársekkjum. Í mannvirkjaiðnaði varða málin einnig lýðheilsu, t.d. slysaþættu, myglu og mengun vegna vanþekkingar á byggingar- og öryggismálum og efnisvali en oftast er tjónið af fjárhagslegum toga og getur tjónið hlaupið á tugi milljóna króna. Þá má einnig nefna bruna og slys af völdum rafmagns sem árlega valda miklu tjóni.³ Neytendur standa iðulega uppi með sárt ennið og eiga erfitt með að sækja rétt sinn, enda eru fyrirtækin jafnvel ekki í rekstri þegar á reynir fyrir dómstólum. Eftirlit með löggiltum iðngreinum er nú hjá lögreglunni sem hefur ekki annað lögbundnu hlutverk sínu. Samtökin telja fulla ástæðu til að endurskoða að fela öðrum stofnunum þetta hlutverk, t.d. Neytendastofu, Heilbrigðiseftirlitinu og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og veita þeim beinar sektarheimildir þannig að bregðast megi skjótt við þegar ófaglærðir ganga inn á verkþætti löggiltra iðngreina með tilliti til öryggis- og neytendasjónarmiða.

Aukin neytendavernd við fasteignakaup

Í 6. lið aðgerðaráætlunarinnar er kveðið á um aukna neytendavernd við fasteignakaup. Í því samhengi vilja samtökin benda á tillögur starfshóps um gerð tillagna að lagabreytingum á sviði fasteignakaupa sem komu út í október 2024 en starfshópurinn var skipaður fulltrúum Neytendasamtakana, Samtaka iðnaðarins, Húseigendafélagsins, Félags fasteignasala, menningar- og viðskiptaráðuneytisins og starfsmanni hópsins. Starfshópnum var falið að bregðast við efni þingsályktunar nr. 23/151, um ástandsskýrslur fasteigna, og móta tillögur til breytinga á viðeigandi lögum um fasteignakaup í samræmi við efni þingsályktunar, með áherslu á réttaröryggi og aukna neytendavernd.⁴ Ofangreindar tillögur voru unnar á breiðum grunni og því mikilvægt að horft sé til þeirra við endurskoðun á lögum um sölu fasteigna og skila nr. 70/2015 og lögum um fasteignakaup nr. 40/2002.

Að lokum leggja samtökin áherslu á að staðið verði vel að útfærslu stefnunnar í góðri samvinnu við hagaðila til að stuðla að auknu trausti í viðskiptum samfélaginu til heilla. Samtökin lýsa sig reiðubúin til samtals við útfærslu einstakra aðgerða eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

Lilja Björk Guðmundsdóttir
Yfirlögfræðingur

³ https://hms-web.cdn.prismic.io/hms-web/d36cf27d-6e6b-483b-818c-dcdb435b45f2_Rafmagnsbrunar+og+slys+2010-2021.pdf

⁴ <https://samradapi.island.is/api/Documents/43b6a80a-6390-ef11-9bc6-005056bcce7e>